



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2017

Bandalag íslenskra listamanna hefur fengið til umsagnar 101. þingmál á 146. löggjafarþingi, frumvarp um breytingu á 95. grein almennra hegningarlaga, sem fjallar um viðurlög við móðgun við erlenda þjóðhöfðingja, smánun þjóðartákna á borð við fána og eignaspjöll á sendiráðum og lóðum þeirra.

BÍL eru heildarsamtök íslenskra listamanna og sem slík eiga þau aðild að alþjóðlegu samtökunum ARTSFEX, sem helga sig baráttunni fyrir tjáningarfrelsi listamanna um heim allan. Þó vestrænar þjóðir gætu talið slíka baráttu léttvæga eða jafnvel óþarfa, þá er raunin sú að þörfin hefur sjaldan verið jafn mikilvæg.

Í ljósi þess að BÍL er málsvari tjáningarfrelsis er það mat stjórnar BÍL að Alþingi beri að samþykkja tillögu þá sem hér er til umfjöllunar.

Rökstuðningurinn kemur skilmerkilega fram í greinargerð tillögunnar og vega þar þingst eftirfarandi rök:

- Sýnileg tilhneiging stjórnvalda víða um heim til að þrengja að tjáningarfrelsinu, m.a. dæmið um Jan Böhmermann sem þýsk stjórnvöld heimiluðu að yrði sóttur til saka fyrir að flytja háðsádeilu um Tyrklandsforseta í þýsku sjónvarpi.
- Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Le Monde um að vernd af þessu tagi sé ónauðsynleg í lýðræðisríkjum.
- Dómarnir tveir sem íslenskir rithöfundar Þórbergur Þórðarson og Steinn Steinarr hlutu á sínum tíma á grundvelli lagagreinarinnar.
- Eignir sendiráða á Íslandi eru varðar að lögum þó 95. grein almennra hegningarlaga verði felld úr lögnum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2017

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja), 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 160 – 101. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagt er til að ákvæði um móðgun við erlenda þjóðhöfðingja verði fellt úr lögum.

MRSÍ styður framlagt frumvarp og telur að almenn ákvæði sem verndi friðhelgi og æru eigi við þjóðhöfðingja jafnt sem almenna borgara og sé því ákvæði í almennum hegningarlögum, sem snýr að smánun þjóðhöfðingja, óþarft. Þá ber einnig að gæta þess að setja tjáningarfrelsi ekki of miklar skorður líkt og ákvæði sem þetta gerir.

Þá eru, líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpi þessu, almenn ákvæði sem taka á skemmdarverkum almennt og er því seinni hluti lagagreinarinnar, líkt og sá fyrri, óþarfur.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

P.E.N á Íslandi

INTERNATIONAL PEN – A World Association of Writers

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn PEN á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja), 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 160 - 101. mál.

Reykjavík, 29. 3. 2017

PEN á Íslandi hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og mælir eindregið með samþykkt þess. PEN international, sem PEN á Íslandi er hluti af, er alþjóðlegur félagsskapur rithöfunda og blaðamanna sem er ætlað að standa vörð um tjáningarfrelsið, rétt fólks til að gagnrýna stjórnvöld í eigin löndum og annarra án þess að eiga á hættu refsingar fyrir það eitt að þjóðhöfðingi telji sig móðgaðan.

Við teljum að meiðyrðalöggjöfin nægi fyllilega til að standa vörð um æru þjóðhöfðingja og sérstakar lagagreinar sem standi vörð um orðspor og sæmd þeirra séu fráleitar. Tímabundin staða þeirra sem þjóðhöfðingja, og þá sem táknmyndar þjóðar sinnar, á ekki að leysa þá undan gagnrýni, háði eða smánun. Enda hluti af starfslýsingunni, ef svo má segja.

Smánun þjóðartákna á borð við fána og skjaldarmerki, í ræðu og riti, í mynd og á sviði eða með öðrum hætti, er táknrænn gjörningur og tjáning á skoðunum um það sem að baki þjóðartákninu stendur, hvort sem það eru tilteknar hugmyndir, sögulegir viðburðir eða annað.

Um persónulega vernd einstaklinga sem starfa á Íslandi eða heimsækja það á vegum erlendra og mögulegra umdeilda ríkja hljóta að gilda almenn lög og alþjóðasamningar um vernd þeirra fyrir líkamlegu tjóni, og það sama hlýtur að eiga við um skemmdarverk á eigum þeirra, en um það teljum við að umrædd lagagrein fjalli ekki.

Við teljum að núverandi lagagrein eigi ekki heima í vestrænu lýðræðisríki og minnum á að henni var beitt gegn þeim Steini Steinarr og Þórbergi Þórðarsyni fyrir orð og gerðir gegn Hitler og ríki hans sem við teljum þessum skáldum til tekna nú til dags. Þessi grein átti ekki við þegar þeir voru dæmdir og hún á heldur ekki við á okkar dögum, þegar brýnt er sem aldrei fyrr að standa vörð um tjáningarfrelsið.

Með kveðju,

Stjórn PEN á Íslandi

Alþingi

Nefndasvið

AustuNefndasvið

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þingskjal 160 - 101 mál - (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja)**Álit Siðmenntar:**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja framkomið frumvarp.

Rökstuðningur:

Stjórn Siðmenntar telur að sérstakt ákvæði í hegningarlögum um móðgun við erlenda þjóðhöfðingja sé ónauðsynlegt í nútíma lýðræðissamfélagi. Um ákvæðið gilda svipuð rök og þegar Alþingi felldi brott árið 2015 svokallað „guðlastsákvæði“ en það fólst í 125 gr. sömu laga.

Tjáning fólks gagnvart erlendum þjóðhöfðingjum eða ríkjum á að vera nánast ótakmörkuð. Allt tal um móðgun byggist á hlutlægu mati á því sem gæti talist móðgun.

Í umræðu hér á landi hefur verið bent á að rithöfundarnir Þórbergur Þórðarson og Steinn Steinarr voru dæmdir á grundvelli þessa lagaákvæðis. Þórbergur fyrir að smána Þýskaland og móðga Adolf Hitler en Steinn fyrir að smána hakakrossinn.

Þá voru Hörður Einarsson og Styrmir Gunnarsson, blaðamenn á Morgunblaðinu ákærðir fyrir rúnum 60 árum síðan fyrir að móðga þáverandi forseta Sovétríkjanna en það var síðan ábyrgðarmaður blaðsins sem axlaði ábyrgð á dómnum.

Á sama tíma eiga frjálssir fjölmiðlar víða um heim í vök að verjast gegn tilraunum stjórnvalda til að hefta tjáningarfrelsi þeirra. Í Tyrklandi er ákvæði um móðgun við þjóðhöfðingjann óspart beitt til að þagga niður í gagnrýnendum stjórnvalda.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 22. mars 2017
Tilvísun: UTN17030147/03.G.002
SHJ/jbb

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 22. febrúar 2017, þar sem utanríkisráðuneyti var boðið að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja), 101. mál á 146. löggjafarþingi. Af þessu tilefni vill utanríkisráðuneytið taka fram að afstaða þess til frumvarpsins helgast af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem felast m.a. í alþjóðasamningi um stjórn málasamband frá árinu 1961 (Vínarsamningnum), sbr. nánar neðar.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 101/1976 og lögum nr. 82/1998, skal hver sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, ædsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sakir eru miklar varðar brotið fangelsi allt að 6 árum. Í 2. mgr. sama ákvæðis, sbr. lög nr. 47/1941, er kveðið á um að sömu refsingu skuli hver sá sæta sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis sem staddir eru hér á landi. Í 3. mgr. sama ákvæðis, sbr. lög nr. 56/2002, skal sömu refsingu hver sá sæta sem ógnar eða beitir valdi gagnvart sendierindreka erlends ríkis hér á landi eða ræðst inn á eða veldur skemmdum á sendiráðssvæði eða hótar slíku.

Ofangreint ákvæði er meðal annars til komið vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands sem kveða á um friðhelgi og vernd erlendra sendiráða, sendierindreka, o.fl. Kveðið er á um þessar þjóðréttarlegu skuldbindingar í alþjóðasamningi um stjórn málasamband sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 (hér eftir nefndur Vínarsamningurinn). Sömu skuldbindingar helgast einnig af réttarvenju þjóðaréttar. Vínarsamninginn hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1971, og hefur samningurinn lagagildi á Íslandi samkvæmt 1. gr. laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, sem sett voru af því tilefni.

Í 1. mgr. 22. gr. samningsins kemur fram að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi og hafa fulltrúar móttökuríkisins ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hvílir sérstök skylda á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Í 29. gr. samningsins kemur fram að sendierindreki skuli njóta persónulegrar friðhelgi og má ekki handtaka hann á neinn hátt né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir

sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd. Þá kemur fram í 30. gr. Vínarsamningsins að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið, sem og eignir hans, skjöl og bréfaskipti, með undantekningu samkvæmt 3. mgr. 31. gr. Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur einnig í dómaframkvæmd staðfest skyldu móttökuríkja til að vernda sendiráðssvæði erlendra ríkja, sbr. t.d. málið *United States Diplomatic and Consular Staff in Teheran [I.C.J. Reports 1980, p. 3]*, þar sem dæmt var að Íran hefði átt að vernda sendiráðssvæði Bandaríkjanna í Teheran. Af framansögðu leiðir að skuldbinding Íslands hvílir, auk fyrrnefndra ákvæða Vínarsamningsins, á öðrum réttarheimildum þjóðaréttar, þ. á m. dómafordæmum Alþjóðadómstólsins í Haag, og almennum meginreglum þjóðaréttar.

Hvað snertir móðgun við erlenda þjóðhöfðingja sérstaklega, er tekið fram í 9. gr. Vínarsamningsins að móttökuríkið geti lýst sendierindreka erlends ríkis óaskilegan (persona non grata) og beri þá sendiríkinu, eftir því sem við á, að afturkalla sendierindrekann eða binda endi á störf hans í móttökuríkinu. Hefur ákvæðinu ekki síst verið beitt þegar sendierindreki hefur persónulega gerst sekur um að móðga stjórnvöld í móttökuríkinu. Ákvæðið undirstrikar þannig þá gagnkvæmisreglu að gæta skuli fyllstu háttvísi í samskiptum ríkja á grundvelli samningsins.

Varðandi bakgrunn reglna sem er að finna í Vínarsamningnum skal minnt á aðfararorð samningsins, þar sem m.a. kemur fram að ríki þau sem aðilar eru að samningnum treysti því að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða, hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er, og eru þeirrar skoðunar að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag, heldur að tryggja árangursríkan sendierindrekstur á vegum ríkja. Þótt umræddur Vínarsamningur sé einungis rétt rúmlega hálfur aldar gamall þá hvílir hann á meginreglum er gilt hafa í diplómátskum samskiptum mun lengra aftur í tímann.

Þá skal einnig minnt á gagnkvæmisregluna í samskiptum milli ríkja, að því leyti sem svigrúm er fyrir túlkun á reglum. Af henni leiðir að ef móttökuríki beitir tiltekinni túlkun á reglu gagnvart sendiríkinu í tvíhliða samskiptum, er mjög líklegt að það ríki sem fyrir framkvæmdinni verður spegli sömu framkvæmd gagnvart ríkinu sem byrjaði með hana. Af því leiðir að yrðu samþykkt lög sem slá af vernd og friðhelgi gagnvart sendiráðum og sendierindrekum erlendra ríkja á Íslandi, þrátt fyrir efni þjóðréttarlegra skuldbindinga og ákvæði íslenskra laga, má gera ráð fyrir að íslensk sendiráð og sendiráðsbústaðir á erlendum vettvangi yrðu beitt sambærilegum reglum af hálfu móttökuríkja þeirra og fyrir vikið njóta minni verndar.

Það er mat ráðuneytisins að ekki hafi verið færð fram rök í greinargerð sem sýni fram á vandkvæði í íslenskri framkvæmd og nauðsyn þess að fella beri úr gildi 95. gr. laganna. Þá er ekki einsýnt að brottfelling ákvæðisins hafi sem slík í för með sér rýmkun tjáningafrelsis. Ennfremur mun afnám refsiverndarinnar varðandi þau atriði sem Vínarsamningurinn stendur vörð um, engu breyta um skuldbindingar Íslands á því sviði. Telur ráðuneytið að íslensk stjórnvöld þyrftu alltaf að tryggja refsiverndina með einhverjum hætti.

Að öllu ofangreindu virtu er það því álit utanríkisráðuneytis að ekki beri að fella brott 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, eins og gerð er tillaga um í ofangreindu frumvarpi til laga.

F. r.
